

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
7. fundur þriðjudaginn 5. mars 2019 kl. 9
Nefndasvið Alþingis

FUNDARGERÐ

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Magnús Karel Hannesson (MKH), Ástríður Jóhannesdóttir (ÁJ) og Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP). Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

2. Hlutverk landskjörstjórnar í samhengi við aðrar kosningar en Alþingiskosningar. Hvaða vandamál leysir að landskjörstjórn verði sjálfstæð stjórnarsýslustofnun og hvaða vandamál skapar það?

Kynning á kortlagningu hlutverks, verkefna og samsetningu landskjörstjórnar. Rætt um fyrirmyndir á Norðurlöndum og athugasemdir ÖSE sem lúta að miðlægu kosningayfirvaldi. Í umræðum kom m.a. fram:

- Mikilvægt viðvarandi verkefni landskjörstjórnar, yrði hún gerð að miðlægri stofnun, yrði þróun verkferla og rafrænna kerfa til að auðvelda handtökin. Þjóðskrá Íslands hefur annast verkefnið. Þarna fengi landskjörstjórn ákveðið leiðtogahlutverk við að þróa kosningaframkvæmd með langtímahugsun að leiðarljósi í stað þess að einblína eingöngu á framkvæmd í aðdraganda kosninga. Landskjörstjórn myndi þannig vinna að rannsóknar- og þróunarverkefnum milli kosninga. Skoða framkvæmd erlendis og vera í tengslum við áhugamenn um kosningaframkvæmd hér á landi.
- Rætt um Valgdirektoratet í Noregi og Valmyndigheten í Svíþjóð. Ákveðið að LHG kanni nánar þessar stofnanir m.t.t. lagaheimilda, sjálfstæði, stjórn, hugmyndafræðilegan bakgrunn o.fl.
- Aukin fjárútlát ef landskjörstjórn gerð að miðlægri stofnun. Rætt um í því sambandi að mörg þessara verkefni eru munaðarlaus í dag (t.d. engin að vinna að þróun kosningaframkvæmdar), töluvert af handtökum sem ekki eru sýnileg og svo einnig verið að auka við þjónustu. Halda því á lofti að hér er um mikilvægt lýðræðislegt verkefni að ræða.
- Landskjörstjórn fengi einnig mikilvægt verkefni við að viðhalda stofnanaminni, t.d. með útgáfu handbóka og leiðbeininga, ef t.d. mikil nýliðun í kjörstjórnnum.
- Greina þarf hvað landskjörstjórn yrði mannfrek stofnun – fara ofan í verkefnalistann. Einnig hvað kerfin kosta, þjónusta, leiðbeiningar o.fl. Fá falinn kostnað upp á yfirborðið.

- Rætt um hugmyndafræðilegan grundvöll verkefnisins – kosningar lýðræðislegt verkefni og ætti þess vegna heima hjá Alþingi en ekki framkvæmdavaldi.

Einnig þarf að huga að því ef landskjörstjórn ekki miðlæg stofnun og verkefniin færu annað, t.d. til dómsmálaráðuneytis eða ráðuneytisstofnunar, hvert hlutverk landskjörstjórnar yrði.

3. Hvað má fara úr heildarlögum og hvað má setja í reglugerðir.

Drögum dreift á fundi. Rætt um hvar reglusetningarvaldið og tillögugerðin ættu að vera. Athuga að frávik frá kosningaframkvæmd álitin alvarlegri ef hún er öll tilgreind í lögum. Atriði sem mætti athuga hvort ættu frekar heima í reglugerð:

- Lagaákvæði um aðstoð við þá sem þessa þurfa gæti orðið knappt en vísað til reglugerðar fyrir nánari útlistun.
- Frágangur kjörseðla mætti líka athuga hvort heima ætti í reglugerð
- Lýsing á byrjun kjörfundar er mjög nákvæm.

LHG skoðar handbók um kosningaframkvæmd í Noregi og uppfærir drög.

4. Önnur mál.

- Ákveðið að breyta tímasetningu funda og byrja 8.30 í stað 9.
- Ábyrgðaraðili vinnslu ber ábyrgð á mati á áhrifum á Persónuvernd (MÁP). Í tilfelli rafrænnar kjörskrár yrði það Þjóðskrá Ísland. Þarf að kanna betur síðar.
- Rætt um markmiðsákvæði laganna. Þar má koma fram að markmið laganna sé að efla traust og trúverðugleika á framkvæmd kosninga og þróa kosningaframkvæmd með bestu fánlegum aðferðum með skilvirkni og hagkvæmni að leiðarljósi. Ákveðið að LHG leggi drög að markmiðsákvæði til skoðunar á næsta fundi.
- ÞH skýrir frá fundi landskjörstjórnar 20. febrúar sl. þar sem fjallað var um endurskoðun kosningalaga

Fundi slitið 10.20.